

Samfélagið – verkefni um sögulega staði.

1. Öll byggðarlög eiga sér sögulegar minjar eða byggingar sem hafa menningarlegt gildi fyrir bæjarfélagið. Festi sem var félagsheimili Grindvíkinga í fjöldamörg árum er t.d. eitt af slíkum húsum.
 - a. Notið leitarvél á vef til að kynna ykkur söguleg hús í Grindavík. Veljið eitt hús til að skoða betur.
 - b. Hafið samband við bæjarskrifstofuna og fáið upplýsingar um hver geti frætt ykkur um þá starfsemi sem er/var í húsinu.
 - c. Setjið ykkur í samband við þá persónu.
2. Þegar tekið er viðtal þá er gott að vera undirbúin/n og semja spurningar að einhverju leyti fyrirfram. Sé slíkt gert verður viðtalið markvissara og minni hættu á að spurningar gleymist.
 - a. Hús eiga sér oft langa sögu. Kynnið ykkur hvaða starfsemi var í húsinu. Er hún hætt og þá af hverju?
 - b. Búið til stuttmynd þar sem þið fjallið um sögu hússins og notið til þess forrit í tölvunni, t.d. MovieMaker.
 - c. Setjið stuttmyndina inn á YouTube.
3. Flest byggðarlög státa af hvatamönnum og frumkvöðlum sem eiga þátt í að koma stofnunum eða samtökum á legg. Í Grindavík má t.d. nefna Guðrúnu Þorvarðardóttur sem hvatti til þess að Kvenfélag Grindavíkur yrði stofnað. Félagsmenn létu reisa hús sem í daglegu tali nefnist „Kvennó“.
 - a. Notið leitarvélarnar á vefnum og kynnið ykkur fleiri slíka hvatamenn/frumkvöðla í Grindavík.
 - b. Veltið fyrir ykkur mikilvægi slíkra persóna fyrir hvert byggðarlag.
 - c. Kannið hvort hægt sé að spjalla við einhvern af þeim. Ef svo er athugið hvort maðurinn/konan sé tilbúin/n að koma í skólann og segja sögu sína.
4. Veltið fyrir ykkur hvaða starfsemi þið myndið vilja koma á legg og hvað þið þyrftuð að gera til þess að hún yrði að raunveruleika. Skrifðið niður.